

Ed.

382. Breytingartillögur

[17. mál]

við frv. til l. um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess.

Flm.: Finnbogi R. Valdimarsson.

Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

- a. (2. gr.) Samningssvæðin samkvæmt samningum þessum skulu ákveðin með lögum.
- b. (3. gr.) Aðstöðu þá, sem Bandaríkjastjórn er látin í té samkvæmt samningum þessum, má eingöngu nota til varnarráðstafana. Bandaríkjastjórn er óheimilt að koma hér upp mannvirkjum til árása á aðra, heldur eingöngu til varnar Íslandi.

Engar árásir er heimilt að gera frá íslenskum landssvæðum á ófriðartímum, nema árásir hafi áður verið gerðar á íslensk landssvæði, skip eða flugför.

Óheimilt er að gera árásir frá Íslandi á önnur lönd, nema árás hafi áður verið gerð á landið.

Flugárásir á önnur lönd með kjarnorkuvopnum er með öllu óheimilt að gera frá Íslandi, nema landið hafi áður orðið fyrir slíkri árás.